



# Umhverfisstefna Bílaumboðsins Öskju

Bílaumboðið Askja er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á bifreiðum frá Mercedes-Benz, Kia og Honda. Markmið fyrirtækisins er að vera í fararbroddi hvað varðar þjónustu til viðskiptavina og markaðssetningu þeirrar vöru sem fyrirtækið selur og þjónustar.

Gildi fyrirtækisins eru Metnaður - Fagmennska - Heiðarleiki - Gleði


**Askja vill vera leiðandi á sviði umhverfismála og leitast við að vernda umhverfi sitt og koma í veg fyrir mengun.**

Sem hluta af þessari stefnu þá leggur Askja áherslu á eftirfarandi:

- Við höfum innleitt virkt umhverfisstjórnunarkerfi í starfseminna með stöðugum umbótum að leiðarljósi.
- Við tryggjum að öllum lagakröfum á sviði umhverfismála sé fullnægt og göngum lengra þegar það á við.
- Við viljum efla umhverfisvitund starfsfólks. Það gerum við með þjálfun, leiðbeiningum og virku innra starfi.
- Við tryggjum öryggi starfsfólks.
- Við förum vel með auðlindir, lágmörkum úrgang og hámarks endurvinnslu.
- Við rýnum umhverfisstjórnkerfi okkar árlega og setjum okkur ný og krefjandi markmið.
- Við stefnum að kolefnishlutleysi 2025.
- Við leggjum áherslu á að nýta forskot Íslands á framboði vistvænna ökutækja.
- Við leggjum áherslu á að bjóða viðskiptavinum sem breiðasta línu í vistvænum faratækjum.

Askja starfar samkvæmt ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðlinum auk þess sem Askja er með gæðavottun BGS. Askja uppfyllir staðla bílaframleiðenda, sem fyrirtækið er með umboð frá, sem taka á umhverfismálum, förgun, umgengni um spilliefni og aðbúnað starfsfólks.

Reykjavík, 1. október 2020

  
Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri

